Nd. **644. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 614 við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. jan. 1874, og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Þorleifi Jónssyni.

Við 1. tölul. við 8. gr.

Þriðji og síðasti málsliður greinarinnar orðist þannig:

Efri deild skal skipuð þannig: Sjálfkjörnir eru þeir 6 þingmenn, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þess þeir 4 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum, er lengst hafa átt sæti á Alþingi. Loks kýs sameinað Alþingi til deildarinnar 4 þingmenn úr flokki þeirra þingmanna, sem þá eru eftir og kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir 26 eiga allir sæti í neðri deild.